



Olúgjald frá 1. júlí 2005

Frá og með 1. júlí 2005 tekur olúgjald við af núverandi þungaskattskerfi sbr. lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. Fjárhæð olúgjalds verður 45 kr. á hvern lítra af olíu. Hætt verður að innheimta fast gjald þungaskatts eftir 30. júní nk. og kílómetragjald af bifreiðum undir 10 tonnum að heildarþyngd. Einungis ökutæki og eftirvagnar 10 tonn að heildarþyngd eða þyngri munu auk olúgjalds jafnframt greiða kílómetragjald. Lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. er að finna á upplýsingavef Alþingis.

Gjaldskrá fyrir tímabilið frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2005. Ákvörðun um fjárhæð þungaskatts fer eftir eigin þyngd ökutækis.

Fast gjald þungaskatts (gjaldtímabil)

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1.000	50.908	2.800-2.999	94.917
1.000-1.499	61.108	3.000-3.199	99.140
1.500-1.999	73.805	3.200-3.399	103.362
2.000-2.199	78.027	3.400-3.599	107.585
2.200-2.399	82.250	3.600-3.799	111.807
2.400-2.599	86.472	3.800-3.999	116.030
2.600-2.799	90.695		

Leigubifreiðir, sendibifreiðir með löggilta gjaldmæla, sendibifreiðir á vsk-númerum og hópbifreiðir í sem nýttar eru í atvinnurekstri greiða 25% hærra gjald en bifreiðir í almennri notkun.

Fast gjald þungaskatts (árgjald) í hærri gjaldflokki

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1.000	63.635	2.800-2.999	118.647
1.000-1.499	76.385	3.000-3.199	123.925
1.500-1.999	92.256	3.200-3.399	129.203
2.000-2.199	97.534	3.400-3.599	134.481
2.200-2.399	102.812	3.600-3.799	139.759
2.400-2.599	108.090	3.800-3.999	145.037
2.600-2.799	113.368		

Gjaldtímabil, gjalddagi-eindagi

Fast gjald þungaskatts er greitt fyrirfram. Fyrri gjaldtímabil er frá 1. janúar til 30. júní með gjalddaga 1. janúar en eindaga 15. febrúar.

Lækkun eða endurgreiðsla á föstu gjaldi

- Við innlögn skráningarnúmera hjá Umferðarstofu er þungaskattur felldur niður fyrir þann tíma sem eftir lifir af gjaldtímabilinu. Þegar skráningarnúmer eru tekin út er þungaskattur lagður á fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili. Hægt er að leggja skráningarnúmer inn hjá Umferðarstofu að Borgartúni 30, Reykjavík eða hjá skoðunarstöðvum víðs vegar um landið.
- Þegar ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ríkisskattstjóri lækka eða endurgreiða þungaskatt í hlutfalli við þann tíma sem ökutæki er erlendis, ef framvísað er útflutnings- og innflutningskýrslum því til sönnunar.
- Hafi ökutæki verið til viðgerðar á löggiltu verkstæði í a.m.k. 30 daga samfelld er heimilt að lækka þungaskatt. Senda þarf inn umsókn til ríkisskattstjóra ásamt vottorði frá verkstæði. Í þessu tilfelli er þó ekki heimilt að fella niður meira en sem svarar gjaldi fyrir 30 daga. Ef talið

er að viðgerð muni taka lengri tíma er ráðlegt að leggja skráningarkerkin inn.

- Þegar ökutæki er afskráð er þungaskattur felldur niður/endurgreiddur í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili.
- Þegar ökumælir er settur í bifreiðina fellur fast gjald þungaskatts niður frá og með þeim degi. Þegar ökutæki fer af mæli ber að greiða fast gjald þungaskatts frá og með þeim degi.

Eigendaskipti

- Eigendaskipti geta ekki farið fram nema gjaldfallinn þungaskattur sé greiddur. Ekki skiptir máli í þessu tilfelli þótt eindagi sé ekki kominn.
- Seljandi og kaupandi gera upp fast gjald þungaskatts sín á milli við eigendaskiptin.

Fast gjald - mælagjald

Skráning ökutækis í skattflokk gildir í a.m.k. eitt ár í senn, þ.e. sami eigandi getur ekki breytt úr föstu gjaldi í mælagjald nema að a.m.k. ár líði á milli skattflokkaþreyinga.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.
Slóðin er: www.rsk.is

Bifreiðagjaldadeild ríkisskattstjóra

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290